



Vitrex þykkmálning

Vörunr. 8215

Lýsing

Vitrex þykkmálning (8215) er mött og vatnsþynnanleg akrýlmálning með gott alkalí-, vatns- og veðrunarþól. Vitreox þykkmálning inniheldur hreint og teygjanlegt akrýlbíndiefni og hrindir vel frá sér óhreindum. Hún myndar því teygjanlega og sveigjanlega filmu sem getur fylgt eftir fínnum sprungum o.þh. Þykkmálningin er þétt gagnvart vatni en opin fyrir vatnsgufu og hindrar því ekki eðlilegt rakaústreymi. Gufuþéttleiki efnisins (S_{d,H_2O}) er minni en 2 m miðað við að notuð sé 1 kg/m² af málningu. Efnið er afar lokað gagnvart koltvísýringi og söltum og hjálpar því til við að varðveita ryðvarnareiginleika steypu.

Notkun

Vitrex þykkmálning (8215) er æluð á steinsteypu og múrhúð utanhúss bæði við ný- og endurmálun. Málningin er vatnsþétt og hentar á vatnsbretti og þess háttar. Mæt er með vatnsfalum á ómálaða fleti áður en málað er.

Tæknilegar upplýsingar

Litir: Hvítt	Þurrefni: 56 % (rúmmál)
Gljástig: 7	Þynnir: Vatn
Pakkningar: 1, 4 og 10 lítra	Áhaldahreinsir: Vatn
Efnisnotkun: 8-10 m ² /l	Þurrktími: 4 klst
Eðlisþyngd: 1,4 kg/l	Yfirmálun: Lágmark: 6 klst

Undirmálun

Vatnsverja skal ómálaða fleti með Mónósílan 40. Metta skal gljúpa fleti með þynntri Brynju (8820).

Yfirmálun

Málningin getur staðið ein og sér, en einnig er hægt að mála yfir með Vitreox.

Áhöld

Pensill, rúlla eða málningarsprauta. Við sprautun skal þynna málninguna um 5 %.

Vinnutilhögun

Flöturinn skal vera hreinn, þurr, fastur viðkomu og a.m.k. mánaðar gamall. Fjarlægð fitu, olíu, ryk, mold og önnur óhreinindi með Málningarhreinsi (6208) og háþrýstipvotti. Mygla og gróður skal fjarlægja með klórblöndu líkt og Alg & Mögeltvätt (6224). Duftsmitandi fleti og sementshúð (t.d. á flekasteypum einingum) skal fjarlægja með kröftugum háþrýstipvotti. Mælt er með því að sílanbera nýjan og/eða ómálaðan múr. Að lokum eru málaðar 2-3 umferðir af Vitretexi þykkmálningu (8215). Hægt er að yfirmála með Vitretex. Ef mála á yfir sprungur skal bletta með pensli í sprungurnar 1-2 umferðir fyrir heilmálun.

Athugasemdir

- Fyrstu umferð er ágæt að þynna 5-10 %.
- Ef flötur er mjög gljúpur skal metta flötinn, t.d. með þynntri Brynju (8820).
- Meiri þykkt gefur meiri teygjanleika og vatnsheldni.
- Málið ekki fleti kaldari en 5 °C, né heldur fleti sem sól skín beint á.
- Varasamt getur verið að mála með vatnsþynnanlegri málningu utanhúss ef von er á næturfrostri.
- Þurrk- og yfirmálunartími lengist til muna ef mikill raki er í loftinu og ef hitastig er lágt.

Varúðarmerkingar

Við venjulega vinnu með Vitretex þykkmálningu telst hættan á heilsutjóni vera lítil. Varist að anda inn sprautuúða. Komist efnið í sneringu við auga skal skola það strax með vatni í a.m.k. 10 mínútur.

Geymist þar sem börn ná ekki til.